

ÁRSSKÝRSLA 2024

# KJARKUR

*endurhæfing*

AFTUR ÚT Í LÍFIÐ



# Efnisyfirlit

STJÓRN .....	5
ÁGRIP AF STARFI STJÓRNAR .....	6
ÁVARP FORMANNS .....	7
HLUTVERK KJARKS ENDURHÆFINGAR .....	8
STARFIÐ 2024 .....	9
FRÆÐSLA OG STARFSMENN .....	9
HÚSNÆÐI .....	10
SAMSTARF OG FUNDIR .....	10
REKSTUR .....	10
NÝTT HÚSNÆÐI TEKIÐ Í NOTKUN FYRIR DAGÞJÓNUSTU .....	11
STYRKUR FRÁ ODDFELLOWSTÚKUNNI ÞORGEIRI .....	13
INNRI ÞJÓNUSTA .....	14
SKRIFSTOFA .....	14
MÖTUNEYTI .....	15
ENDURHÆFING .....	16
ENDURHÆFING Í DAGÞJÓNUSTU .....	16
ENDURHÆFING Í SÓLARHRINGSÞJÓNUSTU .....	19
FÉLAGSRÁÐGJÖF .....	20
TALMEINAPJÓNUSTA .....	23
ÁRSREIKNINGUR .....	25

**Útgefandi:**

Kjarkur endurhæfing  
Hátúni 12, 105 Reykjavík  
Sími: 5500 300

**Myndir:**

Steina Matt og ýmsir

**Ábyrgðarmaður:**

Þórdís Rún Þórisdóttir framkvæmdastjóri  
thordis@kjarkurendurhaefing.is

**Hönnun, umbrot og prentun:**

Gunnar Bjarni Guðmundsson / Pixel ehf.



## Stjórn

Stjórn Kjarks er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Tryggja skal að innan stjórnar sé nauðsynleg og fjölbreytt þekking á málefnum hreyfihamlaðra, á sviði heilbrigðisþjónustu og/eða endurhæfingar og fjárhagslegum rekstri (fjármálum). Samkvæmt 2. gr. laga Sjálfsbjargar lsh. skipar landsfundur tvo fulltrúa og einn varamann. Stjórn Sjálfsbjargar lsh. skipar svo þrjá fulltrúa og einn varamann. Björgvin Ingi Ólafsson varaformaður stjórnar var skipaður til tveggja ára, Soffía Eiríksdóttir sem var áður varamaður var skipuð sem aðalmaður til tveggja ára og sem varamaður var skipuð Sigrún Garðarsdóttir til tveggja ára. Ólafía Ósk Runólfsdóttir var kosin til tveggja ára á Landsfundi Sjálfsbjargar 2024 og Pála Kristín Bergsveinsdóttir var á sama landsfundi kosin varamaður til eins árs. Stjórn Kjarks endurhæfingar 2024-2025 skipa:

Guðrún Karlsdóttir	Endurhæfingarlæknir	formaður
Björgvin Ingi Ólafsson	Hagfræðingur/MBA	varaformaður
Soffía Eiríksdóttir	Hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur	meðstjórnandi
Margrét S. Jónsdóttir	Sjálfsbjörg á Suðurnesjum	meðstjórnandi
Ólafía Ósk Runólfsdóttir	Sjálfsbjörg í Bolungarvík	meðstjórnandi
Pála Kristín Bergsveinsdóttir	Sjálfsbjörg í Reykjavík	varamaður
Sigrún Garðarsdóttir	lðjubjálfi	varamaður

## Ágrip af starfi stjórnar

Helstu verkefni stjórnar er að taka ákvarðanir í öllum meiri háttar málum er varðar starfsemina, svo sem að móta stefnu, samþykkja rekstrar- og fjárhagsáætlanir hvers árs. Ársreikningur Kjarks endurhæfingar er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra sem samþykkja ársreikninginn með undirskrift sinni. Ársskýrsla og ársreikningur er kynntur á árlegum landsfundi Sjálfsbjargar lsh. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og annast hann daglegan rekstur.

Við upphaf hvers stjórnarfundar er farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún lögð fram til samþykktar. Ýmis mál voru til umræðu á árinu. Reglulega er rætt um fjármál og lögð fram árshlutauppgjör. Í byrjun árs er lögð fyrir fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Allar ákvarðanir sem ekki teljast til daglegs rekstrar eru bornar undir stjórn til samþykktar.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði annan hvorn mánuð en falla niður yfir hásumarið. Á árinu hélt stjórnin fimm formlega bókaða stjórnarfundum og í lok árs höfðu alls verið haldnir 246 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Fundirnir eru staðfundir nema í undantekningartilvikum. Gögn fyrir stjórnarfundum eru sett á sameiginlegt gagnadriif stjórnarmanna með nokkurra daga fyrirvara til að stjórnarmenn hafi tíma til að fara yfir umræðuefni næsta stjórnarfundar. Þetta vinnulag stuðlar að aukinni skilvirkni funda. Í upphafi árs var litið til komandi árs, áherslur stjórnar og rætt um fyrirkomulag funda.

Milli stjórnarfunda sendir framkvæmdastjóri upplýsingapóst um helstu málefni. Með þessu fyrirkomulagi er stjórn stöðugt upplýst um starfsemina þótt að haldinn sé stjórnarfundur annan hvorn mánuð.

Stjórn setti sér starfsreglur og er þá búið að skilgreina vel starfsramma stjórnar sem og umfang starfseminnar.

Stjórn fylgdist vel með uppbyggingu 4. hæðar sem var tímafrekasta verkefni ársins. Ákveðið var að hætta rekstri á sundlaug í Hátúni 12 og tók húseigandi við rekstri sundlaugarinnar. Ákveðið var að setja upp aðgangsstýringarkerfi þar sem fjölbreytt starfsemi fer fram í húsinu og aðgengi er mikið. Var þetta gert með öryggi þjónustuþega að leiðarljósi. Nýr formaður Sjálfsbjargar Þuríður Harpa Sigurðardóttir kom á fund stjórnar Kjarks og ræddi um helstu baráttumál Sjálfsbjargar og áskoranir sem fylgja því að vera hreyfihamlaður einstaklingur.

Stjórn samþykkti að greiða upp lán sem var tekið árið 2017 vegna lífeyrisskuldbindinga og er félagið skuldlaust. Stjórnarstarfið gekk vel og á árinu lauk stórum verkefnum sem höfðu verið í vinnslu frá fyrra ári.

# Ávarp formanns

Stjórn félagsins hélt fimm formlega bókaða stjórnarfundir á árinu 2024 og í lok árs höfðu alls verið haldnir 246 stjórnarfundir frá upphafi skipunar stjórnar árið 1991. Undirrituð hefur verið formaður stjórnar frá júní 2022. Allir stjórnarfundir ársins voru staðfundir.

Á árinu steig Guðrún Árnadóttir aðalmaður úr stjórn og í hennar stað kom Soffía Eiríksdóttir sem hafði verið varamaður. Sem varamaður í stað Soffíu kom Sigrún Garðarsdóttir.

Á árinu flutti dagþjónusta úr fyrra húsnæði sem var í annarri álmu hússins og í töluverðri fjarlægð á 4. hæðina í aðalbyggingu hússins. Hæðin hafði verið notuð sem hjúkrunarálma en henni var breytt og fór fyrri hluti árs í uppbyggingu á rýminu. Við þennan flutning myndast mun betri aðstaða til endurhæfingar en verið hefur. Mikil ánægja hefur verið með þessar breytingar en nú hefur endurhæfing fleiri rými til að sinna fjölbreyttari þjálfun. Einnig hafa verið útbúin slökunarrými og minni þjálfunarrými sem henta fyrir einstaklingsþjálfun.

Það er ánægjulegt að segja frá því að á árinu 2024 hlaut Kjarkur endurhæfing veglegan styrk frá líknarsjóði Oddfellowstúkunnar Þorgeirs. Var styrkurinn nýttur til kaupa á búnaði í matsal og tækjum til endurhæfingar. Er Þorgeirstúku þakkað kærlega fyrir þennan veglega styrk og hlýhug í garð Kjarks.

Reksturinn var hefðbundinn og það var ekkert sem kom á óvart á liðnu ári en töluvert var um einskisþis kostnað sem tengdist endurbótum á húsnæðinu á 4. hæð. Endurbætur tókust vel og var þeim að mestu lokið á árinu 2024. Vel er haldið utan um launalið en það er stærsti gjaldaliðurinn í rekstrinum.

Á árinu áttu tveir starfsmenn starfsafmæli. Jaquelyn Antonio Fuentes starfsmaður í eldhúsi og Karítas Markúsdóttir starfsmaður í dagþjónustu fögnuðu 10 ára starfsafmæli. Vil ég nota tækifærið og þakka þessum starfsmönnum fyrir vel unnin störf í þágu Kjarks.

Áfram var unnið að því að efla samstarf milli eininga og haldnir voru fundir með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins sem lögðu lokahönd á gerð kröfulýsingar sem var í framhaldi send til Sjúkratryggingar Íslands. Beðið er eftir að hefja samningaviðræður við Sí en þessi áform hafa verið í deiglunni síðustu ár.

Ég lít björtum augum til framtíðar og bind vonir við að áform okkar verði þjónustuþegum Kjarks endurhæfingar og öllum starfsmönnum til heilla. Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og starfsmönnum Kjarks endurhæfingar fyrir vel unnin störf í þágu þess á liðnu ári.

**Guðrún Karlsdóttir**

*Formaður stjórnar Kjarks endurhæfingar*

# Hlutverk Kjarks endurhæfingar

Kjarkur endurhæfing var opnað í júlí árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi fatlaðra þegar fyrsti íbúinn flutti inn í búsetu. Um var að ræða nýja byggingu að Hátúni 12 í Reykjavík. Aðdragandi byggingarinnar á sér mun lengri sögu en fyrsta skóflustungan var tekin árið 1966. Fyrstu árin bar starfsemin heitið Vinnu- og dvalarheimili Sjálfsbjargar. Því var breytt árið 1995 í Sjálfsbjargarheimilið og svo í Kjarkur endurhæfing árið 2023.

Á árinu 2023 voru gerðar nýjar samþykktir sem lýsa því starfi sem unnið er. Þar segir m.a.: „*Kjarkur endurhæfing er heilbrigðisstofnun sem rekur sérhæfða heilbrigðisþjónustu á sviði endurhæfingar í skilningi laga nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu. Hlutverk félagsins er að veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða. Markmið endurhæfingarinnar er að einstaklingar nái viðunandi hæfni til að geta búið sjálfstætt eftir sín áföll.*“

Hlutverk Kjarks endurhæfingar er að „veita þverfaglega einstaklingsmiðaða endurhæfingu fyrir hreyfihamlaða einstaklinga sem glíma við tauga- og heilaskaða“. Framtíðarsýn Kjarks er fólgin í slagorðinu „Aftur út í lífið“. Hlutverk og framtíðarsýn rímar vel við upphafleg markmið Sjálfsbjargarheimilisins sem gekk út á að einstaklingar nái færni til að lifa eins sjálfstætt og þeim er unnt eftir veikindi eða slys.

Starfsemin hefur vaxið, dafnað og tekið umtalsverðum breytingum. Í skýrslunni er greint frekar frá starfseminni. Kjarkur endurhæfing er rekið fyrir framlög úr ríkissjóði og hefur verið á föstum fjárlögum frá árinu 1992.

8





# Starfið 2024

Fjöldi stöðugilda árið 2024 var 47 sem er þremur færri en á árinu 2023. Lögð hefur verið áhersla á að endurmeta fjölda starfsmanna, nýta betur þau stöðugildi sem eru til staðar. Á hverju ári eru einhverjir starfsmenn að glíma við veikindi bæði til skemmri og lengri tíma. Veikindadagar starfsmanna á árinu 2024 voru 1009 en á árinu á undan voru þeir 1548. Þetta þýðir að veikindadögum fækkaði um tæp 35% milli árána 2024 og 2023. Er það svipuð þróun og varð á milli árána 2023 og 2022. Á árinu 2022 var ákveðið að hefja samstarf við Heilsuvernd um skráningu veikinda starfsmanna. Starfsmenn þurfa því, þegar þeir eru veikir, að tilkynna veikindi til síns næsta yfirmanns og í framhaldi tilkynna veikindi til hjúkrunarfræðinga Heilsuverndar. Þar fá þeir samtál við hjúkrunarfræðing og ráðgjöf um næstu skref. Markmiðið með samstarfinu er að efla heilbrigði starfsmanna og vellíðan ásamt því að veita stjórnendum betri yfirsýn yfir veikindamynstur og/eða grípa inn í þegar heilsuspillandi vinnuaðstaður koma upp. Fjöldi veikindadaga vegna barna árið 2024 er 80 sem er svipaður fjöldi og síðustu ár en þá voru þessir dagar rúmlega 80 yfir árið.

## Fræðsla og starfsmenn

Ýmis fræðsla var í boði fyrir starfsmenn, meðal annars örfræðsla um ADL, atvik og atvikaskráningu, samskiptastuðning við einstaklinga með málstol og fræðsla um kynningarvanda og úrræði. Kennsla var á forritið Memaxi, rætt var um gervigreind (AI) og kennt á MTP sem er viðveruskráningarkerfi Kjarks. Fyrir utan örfræðslu og kennslu á tölvukerfi fyrir starfsmenn var haldin handleiðsla undir stjórn sálfræðings þar sem rætt var um samskipti við einstaklinga sem eru erfiðir í samskiptum og úrræði til að setja þeim mörk. Á starfsdögum var rætt dýpra um samskipti. Fengin var fræðsla frá sálfræðistofunni Líf og sál. Vigdís Ásgeirsdóttir sálfræðingur kom og hélt erindi sem fjallaði um hvernig á að eiga samskipti við erfiða einstaklinga sem sýna erfiða hegðun og eiga til að fara yfir mörk í samskiptum. Dagurinn endaði með smá skemmtun í pílukasti. Mikilvægt er að styrkja starfsmenn þegar einstaklingar í sértækum erfiðleikum koma í þjónustu.

Á fyrstu mánuðum ársins voru haldin starfsmannasamtöl þar sem rætt var við starfsmenn um líðan í starfi. Hver forstöðumaður ræddi við sína starfsmenn og er þetta orðinn reglulegur liður í starfsemi.

Árshátíð var haldin fyrir starfsmenn í janúar og í febrúar var þorramatur á boðstólum. Venju samkvæmt fengu starfsmenn páskaegg og grillað var á svölunum um sumarið. Heilsuvika hefur fest sig í sessi bæði fyrir starfsmenn og þjónustuþega. Í heilsuvikunni er boðið upp á hollan og góðan mat rétt eins og alltaf en bætt er við úrvalið og boðið upp á nýjungar. Starfsmönnum var boðið að fara í nudd og var sett upp aðstaða á vinnustaðnum svo að starfsmenn gætu farið í nudd á vinnutíma. Einnig var boðið upp á slökun og heilsufarsmælingar hjá hjúkrunarfræðingum. Bæði starfsmönnum og þjónustuþegum stóð til boða að fá flensubólusetningu og það eru alltaf einhverjir sem þiggja það. Starfsmannafélagið er virkt og skipuleggur viðburði yfir allt árið. Farið var í keilu og happy hour reglulega yfir árið.

Nokkrir starfsmenn fögnuðu stórafmælum á árinu. Elín Ragnarsdóttir fagnaði 60 ára afmæli, Karolina J. Kiwak fagnaði 30 ára afmæli og hún jafnframt útskrifaðist sem sjúkraliði á árinu. Elín María Heiðberg og Tryggvi Rósmundsson fögnuðu bæði 40 ára afmæli á árinu. Við óskum þeim öllum til hamingju. Tveir starfsmenn fögnuðu 10 ára starfsafmæli á árinu og voru það Jaquelyn Antonio Fuentes og Karítas Markúsdóttir. Þökkum við þeim fyrir vel unnin störf.



## Húsnæðið

Tekið var í notkun nýtt rými fyrir dagþjónustu sem fjallað er um í sér kafla. Verkefnið var bæði viðamikið og tímafrekt en tókst vel. Á árinu var sett upp aðgangsstýringarkerfi fyrir húsnæði Kjarks og eftirlitsmyndavélar í sameiginleg rými. Því miður voru brögð að því að óviðkomandi aðilar komust inn í húsið. Með því að setja upp aðgangsstýringarkerfi þá komast óviðkomandi aðilar ekki inn á íbúaganga eða í endurhæfingarrými. Jafnframt á starfsfólk auðveldara með að fylgjast með umgengni á kvöldin og um helgar þegar mönnun er takmörkuð. Kerfið hefur reynst okkur vel. Starfsmenn og þjónustuþegar lýsa ánægju og upplifa aukið öryggi eftir innleiðingu þess.

## Samstarf og fundir

Samstarf við ÍFR var haldið áfram og felur það í sér aðgang að tækjasal þeirra. Margir þjónustuþegar í endurhæfingu nýta sér tækjasalinn sem er í nálægð við Kjark. Á fyrri hluta ársins var leigð aðstaða til endurhæfingar í vatni hjá sundlaug Hrafnistu í Hafnarfirði. Á seinni hluta ársins enduroppnaði Sjálfsbjörg sundlaugina í Hátúni og þá færðist endurhæfing í þá sundlaug sem er staðsett í húsinu og sérstaklega útbúin til að mæta þörfum hreyfihamlaða einstaklinga.

Á árinu var fundað með öðrum fagaðilum. Fulltrúar frá austur og norður miðstöð Reykjavíkurborgar komu í heimsókn og fengu kynningu á starfsemi og skoðuðu húsnæðið. Á vormánuðum var fundur með heilbrigðisstarfsfólki á Grensásdeild og í desember heimsóttu iðjuþjálfar Grensásdeildar Kjark.

## Rekstur



Fjárhagur Kjarks endurhæfingar var viðunandi á árinu 2024. Rekstrinum er fylgt vel eftir og var hann að mestu leyti í samræmi við áætlun en þó urðu einhverjar breytingar á gjaldaliðum milli ára. Á árinu var töluverður kostnaður vegna breytinga á húsnæði þar sem 500 m<sup>2</sup> hæð var tekin í gegn. Annar kostnaðarsamur þáttur á árinu var uppsetning á aðgangsstýringarkerfi sem hefur gjörbreytt aðgengi að starfssvæðum. Launaliður vegur þyngst og mikilvægt er að halda honum innan ramma þar sem laun og launatengd gjöld er stærsti gjaldaliðurinn. Ársreikning má finna aftast í skýrslunni.

# Nýtt húsnæði tekið í notkun fyrir dagþjónustu

Stærsta verkefni ársins 2024 voru endurbætur á 500 m<sup>2</sup> rými á 4. hæð hússins fyrir dagþjónustuna. Húsnæði dagþjónustunnar var ekki hentugt og í fjarlægð frá öðrum starfseiningum. Með því að flytja starfsemina á 4. hæð þá næst betri samþætting starfseminnar á sama stað í húsinu. Núna eru hæðir 2, 3 og 4 eingöngu fyrir starfsemi Kjarks. Mikil vinna var við að taka hæðina í gegn. Skipta þurfti um klæðningu í lofti, allar hurðir voru endurnýjaðar, veggir rifnir, opnuð ný hurðargöt og öðrum lokað. Skipt var um gólfduka á hluta rýmisins og settar upp innréttingar í flest herbergi. Með þessari breytingu fengum við nýtt hreyfirými, slökunarherbergi, jóga herbergi, minni þjálfunarrými fyrir einstaklingsþjálfun og tvö stærri þjálfunarrými fyrir hópa. Einnig var sett upp þjálfunareldhús og betrubætt öll aðstaða fyrir þjónustuþega. Settir hafa verið upp munaskápar, fatahengi, móttaka og kaffistofa sem nýtist bæði sem samverurými og fræðsluaðstaða.

Nýja rýmið hefur gjörbreytt allri aðstöðu til endurhæfingar og lögð var áhersla á að rýmið væri róandi og huggulegt fyrir utan að ná fram notagildi sem við höfum ekki haft áður. Sett var upp lítil kaffistofa fyrir starfsmenn og salerni en ljóst er að þessi aðstaða er þegar orðin of lítil. Jóga herbergið, sem notað er til jóga og slökunar, er of lítið og aðstaða sjúkraþjálfara er einnig of lítil.

Nýja hæðin var tekin í notkun um miðjan apríl og þá átti enn þá eftir að klára að setja upp innréttingar en á næstum mánuðum var það klárað og ónæði var ekki mikið. Starfsmenn og þjónustuþegar hafa lýst yfir mikilli ánægju með breytingarnar. Fyrir utan betri aðstöðu innanhúss þá er öll aðkoma að húsinu auðveldari og







núna eru þjónustupegar keyrðir að aðalinngangi hússins og komast þannig í skjól þegar veðrið er slæmt. Áður fyrr þurftu þeir að ganga/fara töluverðan spöl frá bílastæði að inngangi.

Ljóst er að rýmið sem nýlega er tekið í notkun er of lítið. Þeir starfsmenn sem þurfa að hafa skrifstofur deila rými með öðru starfsfólki á 3ju hæðinni. Það skapar viss óþægindi þó án kvartana frá starfsfólki.

Á árinu hélt Sjálfsbjörg upp á 65 ára afmæli sitt og endurofnun á sundlauginni. Heilbrigðisráðherra Willum Þór Þórssyni var boðið ásamt fleiri gestum. Við þetta tilefni var opið hús í nýju endurhæfingarrými dagþjónustunnar hjá Kjarki endurhæfingu og gátu gestir gengið um nýja rýmið sem var opnað fyrr á árinu. Margir gestir skoðuðu starfsemina og voru starfsmenn dagþjónustu á staðnum til að segja frá starfseminni og á hvaða hátt nýju endurhæfingarrýmin eru notuð. Töluverður fjöldi gesta mætti og skoðaði nýju aðstöðuna.

# Styrkur frá Oddfellowstúkunni Þorgeiri

Undir lok árs 2023 var haldinn fyrsti fundur með fulltrúum Oddfellowstúkunnar Þorgeiri, þeim Steinari Steinarssyni og Sigurði Pálmari Sigurðssyni. Á þessum fundi var starf Kjarks kynnt fyrir fulltrúum stúkunnar. Á árinu 2024 komu fleiri fulltrúar frá stúkunni sem fengu kynningu á starfseminni. Í framhaldi ákvað stúkan að styrkja Kjark endurhæfingu um veglegan styrk til kaupa á húsbúnaði í matsal og til kaupa á tækjum fyrir endurhæfingu þjónustupega. Styrkurinn sem nam 10 milljónum króna, er sá veglegasti sem Kjarkur hefur hlotið og kom hann úr líknarsjóði stúkunnar. Styrkurinn, var afhentur á hátíðarfundi stúkunnar, í tilefni 60 ára afmælis líknarsjóðsins, sem var haldinn í Oddfellowhúsinu í Vonarstræti.

Að vera þess heiðurs aðnjótandi að fá slíkan styrk hefur verið ómetanlegt fyrir starf Kjarks. Með þessum styrk var hægt að endurnýja borð og stóla í matsal sem voru orðin slitin. Einnig var hægt að fjárfesta í fjölpjálfatæki sem hentar hreyfihömluðum, auk fleiri tækja sem nýtast til endurhæfingar.



# Innri þjónusta

Innan Kjarks er fjölbreytt starfsemi og endurhæfingu er sinnt af tveimur deildum, dagþjónustu og sólarhringsþjónustu. Aðrar starfseiningar styðja við starfsemi endurhæfingar og eru þær starfseiningar skrifstofan og mötuneytið.

## Skrifstofa

Þórdís Rún Þórisdóttir er framkvæmdastjóri Kjarks endurhæfingar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjármálum og öllum daglegum rekstri gagnvart stjórn og formanni stjórnar. Tveir aðrir starfsmenn starfa á skrifstofunni. Verkefni skrifstofunnar eru að annast starfsmannamál, túlkun kjarasamninga, halda utan um bókhald og greiðslur. Einnig að sinna tilfallandi verkefnum og styðja aðrar einingar innan Kjarks. Mikil áhersla er lögð á að faglega sé unnið úr úrlausnarmálum sem upp kunna að koma. Fjöldmörg verkefni koma á borð skrifstofunnar sem eru mörg af ólíkum toga en flest þeirra tengjast rekstri á einn eða annan hátt.

Skrifstofan starfar þverfaglega með öllum starfseiningum Kjarks. Lögð er áhersla á gott samstarf og miðlun upplýsinga til starfsmanna. Verkefni starfsmanna eru ólík en mikil samskipti eru við aðra stjórnendur og samstarfsfólk. Kjarkur hefur til umráða næstum 2500 m<sup>2</sup> og krefst það umfangsmikillar umsjónar.

14



## Fjármál

Ársreikning fyrir árið 2024 má sjá aftast í skýrslunni. Ríkisframlagið fyrir árið 2024 voru 860 m.kr. en var 804 m.kr. árið 2023. Hækkunin milli ára var rúmar 56 m.kr. en af þessum mun voru rúmar 40 milljónir greiddar í byrjun árs 2025 vegna kjarasamninga. Ekki var gert ráð fyrir þessari upphæð í rekstrinum á árinu 2024. Helsti gjaldaliðurinn er launaliðurinn og var hann samkvæmt áætlun. Á árinu voru gerðir kjarasamningar sem komu til framkvæmda fyrir næstum allar stéttir á árinu 2024 og voru afturvirkir frá 1. apríl. Liðurinn Annar rekstrarkostnaður var 191 m.kr. á árinu 2024 en hafði verið 179,9 m.kr. á árinu 2023. Þessi hækkun milli ára skýrist helst af breytingum sem voru gerðar á húsnæðinu sem voru kostnaðarsamar.

Þegar tekið er tillit til fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða ársins 2024 jákvæð um rúmar 65 m.kr. Þetta er töluvert hærra en árið á undan og skýrist af stærstum hluta af viðbótarframlagi sem barst í byrjun árs 2025 en tilheyrði árinu 2024. Að öðru leyti er vísað á ársreikninginn sem fylgir með aftast í þessari skýrslu.

## Mötuneyti

Mötuneytið er opið alla daga ársins og fyrir þá þjónustuþega sem eru í sólarhringsþjónustu er boðið upp á morgunmat, hádegismat, síðdegiskaffi og kvöldmat. Fyrir þá sem eru dagþjónustu er boðið upp á morgunmat, hádegismat og síðdegiskaffi. Að auki sinnir mötuneytið öðrum verkefnum svo sem veitingum á fundi og viðburði eftir þörfum. Grunnstarfsemin er þó að sjá þjónustuþegum fyrir hollum og góðum mat og er samstarf við næringarfræðing til að tryggja að framboð sé fjölbreytt og samkvæmt manneldisráðum Landlæknis.

Fiskur er reglulega á boðstólum, tvisvar til þrisvar í viku, og grænmeti er alltaf í boði með máltíðum. Reynt er að takmarka neyslu á rauðu kjöti og bjóða upp á það einu sinni í viku. Í kaffitíma er alltaf boðið upp á ávexti og/eða grænmeti og eitthvað hollt til að snæða. Lögð er áhersla á að takmarka neyslu á sætabrauði. Áfram er lögð áhersla á að allir séu ánægðir og glaðir og við sjáum það á hverjum degi hvað matur skiptir þjónustuþega miklu máli. Ekki síst fyrir þá sem búa úti í bæ og eru ekki duglegir að elda sjálfir. Það tryggir að þeir fái næringarríkan og fjölbreyttan mat þá daga sem þeir eru í þjálfun hjá Kjarki endurhæfingu.



# Endurhæfing

Inntökuteymi annast móttöku og mat allra umsókna. Teymið fundar reglulega og fer yfir umsóknir en hlutverk þess er að fjalla um umsóknir og meta endurhæfingarþörf umsækjenda. Félagsráðgjafi heldur utan um starf teymisins en að því koma auk félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðingar, iðjubjálfar og talmeinafræðingur. Fundað er tvisvar í mánuði og oftast ef þörf er á. Inntökuteymið annast mat á umsóknum sem berast og eru í sambandi við fagaðila tengt þeim. Umsóknir berast aðallega frá Grensásdeild og Reykjalundi, en einnig frá taugalækningadeild Landspítala. Hver umsókn er metin og oft þarf að afla frekari upplýsinga, en samstarf við aðrar stofnanir hefur reynst gott.

Í endurhæfingunni er unnið út frá hagnýtum einstaklingsmiðuðum markmiðum sem eru endurskoðuð reglulega. Endurhæfingarteymið fundar reglulega og á þeim fundum er farið yfir endurhæfingaráætlun þjónustuþega. Endurhæfingaráætlun er stöðugt endurmetin og aðlöguð að hæfi hvers og eins. Í endurhæfingarteyminu starfa félagsráðgjafi, iðjubjálfar, hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfari og talmeinafræðingur sem heldur utan um dagskrá funda. Læknir er kallaður til eftir þörfum einnig sálfræðingur og næringarfræðingur. Teymið fundar tvisvar sinnum í viku, annars vegar um endurhæfingu í sólarhringsþjónustu og hins vegar um þá sem eru í endurhæfingu í dagþjónustu. Markmið hvers þjónustuþega sem er í endurhæfingu eru þá yfirfarin ítarlega og ákvörðun tekin um framhaldið. Á þessum fundum er einnig ákveðið hvenær skuli halda fjölskyldufundi og markmiðafundi, sem eru þá haldnir sér með því fagfólki sem kemur að endurhæfingu þjónustuþega.

16

## Endurhæfing í dagþjónustu

Valerie J. Harris iðjubjálfi er forstöðumaður dagþjónustu hjá Kjarki endurhæfingu. Markmið dagþjónustu Kjarks er að veita endurhæfingu sem gerir einstaklingum kleift að viðhalda og/eða auka færni, búa lengur í eigin húsnæði og vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Þjónustan byggir á hugmyndafræði Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) um endurhæfingu og heilsufar sem er skilgreint á eftirfarandi hátt:

*Endurhæfing er röð íhlutana sem þörf er á fyrir fólk sem býr við eða er líklegt að verði fyrir takmörkunum á færni í daglegu lífi vegna öldrunar og heilsubrestra, þ.m.t. langvinnra sjúkdóma eða raskana, áverka eða slysa. Slíkar hömlur geta verið vegna skerðingar á hugrænni getu, sjón, heyrn, samskiptafærni, getu til að komast um, tengslamyndun eða starfsgetu. Endurhæfing eflir fólk á öllum aldri til að viðhalda eða ná aftur færni í daglegu lífi, lifa innihaldsríku lífi og hámarka lífsgæði. Endurhæfing er einstaklingsmiðuð heilsufarsaðgerð sem getur farið fram innan sérhæfðar endurhæfingarþjónustu (oft fyrir fólk með flóknar þarfir) eða sem hluti af annarri þjónustu vegna heilsubrestra eða fötlunar, til dæmis heilsugæslu, geðheilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fólk með sjón- eða heyrnarskerðingu (Heilbrigðisráðuneytið, 2020)*

## Einstaklingsmiðuð þjónusta

Að hafa aðgang að þessari þjónustu eflir og styrkir þjónustuþega og styður við fjölskyldur. Fagfólk, sem getur gripið inn í þegar færni eða fjölskyldumynstur breytist, getur skipt öllu máli fyrir þjónustuþega og aðstandendur þeirra. Dagþjónustan styðst við einstaklingsmiðaða þjónustu, en með þeirri þjónustuaðferð tekur einstaklingurinn virkan þátt í að efla eigin heilsu og endurhæfingu í samvinnu við fagfólkið sem sinnir þörfum hans og óskum af virðingu og með skilningi. Með því móti er hægt að setja markmið sem leiða til breytinga. Endurhæfingarþjónustan skiptist í tvær leiðir. Annars





vegar tímabundna endurhæfingu með eða án íbúðar og hins vegar endurhæfingu til lengri tíma, svokallaða viðhaldsendurhæfingu.

Endurhæfingaráætlun með markmið og tímaáætlun er unnin fyrir hvern og einn og endurmetin reglulega. Þjónustan er veitt þar sem hennar er þörf í samfélaginu á forsendum einstaklingsins. Hún er mjög fjölbreytt og miðast við þarfir hvers og eins. Viðhaldsendurhæfing er í höndum langtímaendurhæfingarteymis sem samanstendur af fagfólki og sérhæfðu aðstoðarfólki. Þjálfun fer fram að mestu leyti í hópum innan húsnæðis dagþjónustu, ÍFR, sundlaug Sjálfsbjargar en líka úti í samfélaginu.

Í dagþjónustunni starfa fjórir iðjuþjálfar, þar af einn yfirmaður, einn sjúkráþjálfari, tveir íþróttافرæðingar, einn verkefnisstjóri, einn sálfræðingur, einn talmeinafræðingur, móttökuritari og þrír sérhæfðir aðstoðarmenn. Að auki er keypt þjónusta af verktökum.

Dagþjónustan veitir 27 þjónustuþegum meðferð í virkri/tímabundin endurhæfingar. Af þessum 27 eru 16 þeirra sem búa sjálfstætt fyrir utan Kjark en hinir eru í endurhæfingarbúsetu hjá Kjarki. Í langtímaendurhæfingu eru 30 einstaklingar. Af þeim eru 20 þjónustuþegar sem búa sjálfstætt fyrir utan Kjark en 10 þjónustuþegar eru í langtíma hjúkrunarþjónustu hjá Kjarki.

Langflestir þjónustuþegar koma beint úr frumendurhæfingu á Grensásdeild Landspítala. Aðrir þjónustuþegar koma frá taugasviði Reykjalundar, í gegnum heilsugæsluna og á eigin vegum með stuðningi heimilislækna. Áhersla er á að umsækjendur um endurhæfingu séu á aldrinum 18 til 67 ára. Einstaklingar sem hafa fengið þjónustu og eru að verða 67 ára fá markvissa þjálfun og stuðning til að kanna þjónustu eldri borgara og tengjast þeirri þjónustu. Undantekning er þó gerð frá þessari reglu ef einstaklingar geta ekki nýtt sér öldrunarþjónustu vegna fötlunar og þurfa áfram sérhæfða þjónustu.



## Starfið 2024

Endurhæfingu Kjarks er best lýst með kjörorðum Kjarks um að koma fólki „aftur út í lífið“. Breytingarferlið heldur áfram og skipulag, ferlar, tegundir þjálfunar, samsetning starfsmanna og þjónustuþega eru í stöðugri þróun. Það er augljóst að það eina sem er öruggt eru breytingar. Breytingar á endurhæfingu eru nauðsynlegar til að tryggja að þjónusta sé í takt við þarfir samfélagsins.

Stærsta breytingin árið 2024 er að dagþjónustan flutti á nýuppgerða 4. hæð. Húsnæðið á 4. hæð er bylting fyrir þjónustuna. Hægt er að bjóða upp á fleiri hópa og einstaklingstíma en nokkru sinni fyrr. Svæðið styður við endurhæfingarþjónustuna og hafa bæði starfsfólk og notendur þjónustunnar lýst yfir ánægju með þjálfun á 4. hæð. Nálægð við sólarhringsendurhæfingu auðveldar samskipti og samvinnu. Það eina sem hægt er að gagnrýna við húsnæðið er að það er þegar of lítið. Auka þarf endurhæfingu í dagþjónustu sem fyrst. Aukin eftirspurn er eftir endurhæfingu sem kemur fram í biðlista eftir þjónustunni. Stækkun þjálfunarrýmis og fleiri stöðugildi myndu gera Kjark kleift að auka endurhæfingarþjónustuna og skera niður biðlista til að tryggja samfellda þjónustu eftir útskrift úr sjúkrahúsþjónustu.

Aðrar breytingar sem komu til framkvæmda á árinu hafa haft mjög jákvæð áhrif á starf endurhæfingar. Þær eru nýtt stöðugildi ritara í dagþjónustunni sem er staðsettur á 4. hæð. Notkun Memaxi kerfisins fyrir þjónustuþega. Aðgangsstýringarkort fyrir þjónustuþega og starfsmenn. Stöðlun matsferla og matstækja iðju- og sjúkraþjálfara og aukin þjónusta hjúkrunarfræðinga fyrir þjónustuþega dagþjónustu.

Starfsfólk hefur verið duglegt að taka þátt í endurmenntun. Það hefur tekið þátt í fræðsludögum tengdum endurhæfingu/þjálfun, námskeiðum og ráðstefnum bæði innanlands og utan. Iðjuþjálfar tóku þátt í rannsókn til að kortleggja og skilgreina hvaða inngríp þeir veita þjónustuþegum. Undirrituð stýrði rannsókninni í samvinnu við Guðrúnu Árnadóttur, iðjuþjálfara í rannsóknarstöðu á LSH og dósent við Háskóla Íslands. Rannsóknin var kynnt á evrópsku iðjuþjálfunarráðstefnunni í Póllandi 2024.

Margar áskoranir og tækifæri eru fram undan. Áskoranir eru meðal annars hvernig endurhæfingarpjónusta getur komið til móts við sívaxandi fjölbreytileika hóps þjónustuþega sem hafa annað móðurmál en íslensku og koma úr öðrum menningarheimum? Áframhaldandi tæknivæðing samfélagsins sem krefst nýrrar færni og meiri hraða sem margir eiga erfitt með að tileinka sér. Tækifærin eru mörg, sérstaklega tengd fjarheilbrigðisþjónustu sem getur gert starfsfólki kleift að sinna/veita eftirfylgni og þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins. Aukin tækninotkun verður að verða órjúfanlegur hluti af þjálfun til að efla getu þjónustuþega til að taka þátt í samfélaginu á meðan á endurhæfingu stendur og eftir útskrift. Íslenskt samfélag er að breytast hratt vegna innlendra og erlendra þátta. Nauðsynlegt er að Kjarkur endurhæfing þróist til að mæta nýjum þörfum í endurhæfingu.

## Endurhæfing í sólarhringsþjónustu

Alda Ásgeirsdóttir, hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur er forstöðumaður endurhæfingar í sólarhringsþjónustu og hjúkrunar hjá Kjarki endurhæfingu. Tveir meginhópar þjónustuþega dvelja hjá Kjarki endurhæfingu. Annars vegar einstaklingar í tímabundinni endurhæfingu sem dvelja frá 3 mánuðum upp í tvö ár. Hins vegar hreyfihamlaðir einstaklingar sem eru í hjúkrunarþjónustu en það eru einstaklingar sem hafa búið í töluverðan tíma hjá Kjarki endurhæfingu og eru farnir að eldast. Viðhaldsendurhæfing með sólarhringsþjónustu er einnig í boði fyrir styttri tíma og er sér íbúð fyrir það úrræði. Einnig er hægt að nýta þá íbúð fyrir hvíldarinnlögn.

Á þessu ári voru 18 skráðir í endurhæfingu í sólarhringsþjónustu. 7 þjónustuþegar útskrifuðust úr endurhæfingu og 1 útskrifaðist úr hjúkrunarþjónustu. Af þeim sem útskrifuðust fór einn þjónustuþegi heim í eigin íbúð, aðrir útskrifuðust í þjónustuíbúð, félagslega íbúð með stuðningi, leiguíbúð eða sambýli. Þjónustuþegarnir voru að meðaltali 15 mánuði í endurhæfingu. Ávallt eru góð samskipti milli fagaðila sem undirbúa útskrift þjónustuþega og Kjarkur leggur sig fram um að vera í góðu sambandi við þá fagaðila sem koma til með að styðja þjónustuþega að lokinni endurhæfingu hjá Kjarki.

Mikið þróunarstarf hefur átt sér stað og í kjölfarið breytingar á vinnulagi. Verið er að vinna og þróa áfram verklagsreglur í gæðahandbók, með það að leiðarljósi að gera betur og tryggja, eins og kostur er, skipulögð og samræmd vinnubrögð. Þónokkrar breytingar hafa orðið á vinnuaðstöðu starfsfólks, sem gerir alla aðstöðu enn betri. Það hefur gengið vel að innleiða velferðartækni sem styður við starfsemina og bætir samskipti. Samvinna milli eininga hefur einnig aukist og er mjög góð.

## Starfsfólk

Vel hefur gengið að fá starfsfólk og starfsmannavelta ekki verið mikil, en eldri starfsmenn eru að kveðja eftir langan starfsferil og nýir taka við. Hjúkrunarfræðingar sem hafa starfað í mörg ár hjá Kjarki eru að fara á eftirlaun og hefur verið ráðið í þeirra stað. Nýir hjúkrunarfræðingar hafa báðar reynslu af vinnu við hjúkrun tengda taugasjúkdómum og endurhæfingu. Vel hefur gengið að manna sumartímann og erum við oft með skólafólk í minni vinnu yfir veturinn, sem kemur síðan í fulla vinnu á sumrin. Við höfum verið með mjög gott starfsfólk sem er úrræðagott og lausnamiðað.

Starfsmannaviðtöl voru tekin í febrúar/mars og komu þau vel út og gáfu til kynna mikla starfsánægju.

Starfsfólk í aðhlyningu hefur verið að sækja sér aukna menntun og erum við nú með fjóra starfsmenn sem hafa farið í sjúkraliðanám sem er vel, þar sem erfitt er að fá sjúkraliða til starfa. Starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið og bæta við sig þekkingu þar sem það er lykillinn að faglegru og persónulegru þróun í starfi.





Fræðsla hefur verið innanhúss um hin ýmsu mál er varðar starfið og hefur það gefist vel. Örfraeðsla er í lok hvers mánaðar. Að auki taka starfsmenn þátt í starfsdögum þar sem boðið er upp á fræðslu sem tengist starfinu og síðan er samveran líka stór þáttur. Reglulega er farið yfir skyndihjálparkunnáttu starfsmanna og viðbrögð við bruna.

Starfsfólk í sólarhringsþjónustu er til staðar allan sólarhringinn. Hjúkrunarfræðingar vinna frá 8-16 alla daga og eru síðan á bakvöktum. Læknir frá Heilsuvernd ehf. kemur á fund hjúkrunarfræðinga einu sinni í viku þar sem farið er yfir mál þjónustuþega, eftir þörfum. Þess utan eru þeir á bakvöktum.

### Helstu verkefni ársins

Bólusetningar fóru fram gegn inflúensu á haustmánuðum, bæði fyrir þjónustuþega og starfsfólk til að koma í veg fyrir slæm veikindi. Mikið hefur verið lagt í vinnu á innri starfsemi, í gæðamálum og skráningum og mun sú vinna halda áfram. Töluvert hefur verið um kynningar á starfseminni og hópar og fagfélög hafa komið og kynnt sér starfsemina. Ýmsar áskoranir hafa verið tengdar þjónustuþegum og er það veruleikinn sem blasir við okkur í dag. Það kallar á góða verkferla, samvinnu og stuðning við starfsfólk.

### Félagsráðgjöf

Hulda Gunnarsdóttir er félagsráðgjafi hjá Kjarki endurhæfingu og hóf hún störf í júní 2023. Starfssvið félagsráðgjafa er fjölbreytt en snýr fyrst og fremst að ráðgjöf og stuðningi við þjónustuþega og þeirra aðstandendur er varðar þau úrlausnarefni sem þeir standa frammi fyrir í kjölfar veikinda og annarra áfalla. Félagráðgjafar veita stuðning í persónulegum málum, upplýsingar um félagsleg réttindi og aðstoð við umsóknir þar að lútandi. Það getur meðal annars tengst framfærslu, menntun, atvinnu, umsjón fjármála, fjölskylduaðstæðum, búsetu, stuðningsþjónustu og fleira.

Færni og geta sem var fyrir hendi áður hefur minnkað og jafnvel tapast alveg og þarf því oft að endurskipuleggja líf og aðstæður þjónustubegans sem og fjölskyldunnar. Þjónustubegi sem stundar endurhæfingu hjá Kjarki þarf oft margs konar aðstoð við að aðlaga sig að breyttum aðstæðum með varanlegar færniskerðingar. Það gerir hann með því að læra nýjar aðferðir til að takast á við líf sitt með stuðningi.

## Verksvið félagsráðgjafa

Hjá Kjarki sinnir félagsráðgjafi fyrst og fremst einstaklingsráðgjöf til einstaklinga og aðstandenda. Algengustu úrlausnarefni eru að veita stuðning við að sækja um framfærslu. Einnig þurfa margir aðstoð með sín fjármál og stuðning við að ná utan um þau. Þar sem búseta hjá Kjarki er tímabundin er snemma farið að huga að hvaða búseta tekur við að endurhæfingu lokinni. Leggja þarf mat á þjónustubörf og koma á tengingu við þá aðila sem eru að veita búsetuúrræði og stuðning sé það forsenda sjálfstæðrar búsetu að lokinni endurhæfingu hjá Kjarki. Félagssráðgjafi hefur þá milligöngu um að koma á fundi með félagsþjónustu og tengja saman þjónustukerfi. Starf félagsráðgjafa felur því í sér mikil samskipti við hinar ýmsu stofnanir og félagasamtök fyrir hönd þjónustubega og fjölskyldu þeirra. Félagssráðgjafi kemur gjarnan að fjölskyldufundum og fundum með fagaðilum annarra stofana þar sem farið er yfir markmið í endurhæfingu, stuðnings- og þjónustubörf og hún samræmd. Aðstoð við að sækja um akstursþjónustu er eitt af algengum verkefnum félagsráðgjafa, enda er það mikilvæg þjónusta sem auðveldar þjónustubegum að komast á milli staða án þess að vera upp aðra komnir. Þessi þjónusta er oft og tíðum forsenda þess að þjónustubegi geti komist í sína endurhæfingu. Ráðgjöf og stuðningur við aðstandendur er stór partur af starfi félagsráðgjafa. Alvarleg veikindi hafa mikil áhrif á fjölskyldur þess sem veikist og eru þær undir umtalsverðu álagi. Það skiptir því sköpum að létta undir með því að greiða þeim leið í gegnum kerfið t.d. með aðstoða við umsóknir og eftirfylgd þeirra. En einnig með hvert hægt sé að sækja stuðning og ráðgjöf með flókin úrlausnarefni sem upp geta komið. Félagssráðgjafi líkt og aðrar fagstéttir innan Kjarks er meðvitaður um mikilvægi þess stuðnings.





Félagsráðgjafi sinnir ekki eingöngu einstaklingsráðgjöf. Félagsráðgjafi kom að þróun og tekur þátt í að leiða „Football Fantasy“-hóp ásamt starfsmönnum í dagþjónustu. Um er að ræða hópastarf þar sem þjónustupegar koma saman og verkefnið er að setja saman besta fótboltaliðið hverju sinni með leikmönnum úr ensku úrvalsdeildinni. Auk þess sem í tímanum fara fram almennar umræður um þessa vinsælu íþrótt. Um er að ræða verkefni sem eflir félagsfærni, athygli og minni þátttakenda, auk þess að efla virkni hópsins. Til gamans má geta að farin var hópferð á leik á Víkingsvelli í sumar sem gekk vel og verður vonandi endurtekið.

### Þverfagleg teymisvinna

Félagsráðgjafi sinnir teymisstjórn með starfi inntökuteymis og heldur utan um fundi þess, auk þess að halda utan um móttöku umsókna og svara fyrirspurnum um endurhæfinguna. Félagsráðgjafi tekur einnig virkan þátt í starfi endurhæfingateymis sem er myndað utan um þjónustupega í endurhæfingu. Teymin hittast reglulega til að setja niður markmið og fara yfir gang endurhæfingar. Teymisvinnan er afar mikilvæg því auk ávinnings þess að fá þverfaglega sýn í endurhæfingunni þá er hún nauðsynleg þegar takast þarf á við flóknar aðstæður og erfið úrlausnarefni.

### Áskoranir í þjónustu

Tilfinnanlegur skortur er á atvinnu – og búsetuúrræðum fyrir einstaklinga sem eru að glíma við varanlegar alvarlegar afleiðingar tauga- og heilaskaða. Afleiðingar þess eru m.a. að ungir einstaklingar með miklar þjónustuþarfir eru upp á aðstandendur komnir með tilheyrandi álagi fyrir þá sem þeim næst standa eða neyðast til að flytja á hjúkrunarheimili og búa þá til langframa í aðstæðum sem eru ekki miðaðar að þeirra þörfum. Það er öllum mikilvægt að hafa hlutverk og því er engu síður mikilvægt að þessir einstaklingar fá sitt pláss á vinnumarkaði eins og aðrir. Með daglegum stuðningi fagfólks ættu þeir að geta fundið sig í verkefnum við hæfi sem myndi auka lífsgæði þeirra til mikilla muna. Afleiðingar veikinda geta verið miklar og varanlegar. Færniskerðingu eða fötlun þeirra ætti að mæta



á sama hátt og annarra fatlaðra einstaklinga með langvarandi stuðningsþarfir. Um er að ræða brýnt réttlætismál og forsendu þess að þeir njóti mannréttinda, eigi innihaldsríkt líf og geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu.

## Talmeinaþjónusta

Starfssvið talmeinafræðings snýr að meðferð ákomins tjáskiptavanda s.s. raddmeinum, þvogli, málstoli eða vitrænni tjáskiptaskerðingu. Þá sinnir talmeinafræðingur einnig klínískri greiningu og ráðgjöf tengdri kyngingarvanda. Talmeinafræðingur hefur verið í starfi hjá Kjarki frá árinu 2022.

Talmeinafræðingur sinnir þjálfun bæði í hóptímum og einstaklingstímum. Einstaklings-tímar eru góðir fyrir nákvæma endurgjöf, innlögn og endurtekningu. Hóptímar gefa færi á endurgjöf og fyrirmynd frá hinum í hópnum, auk þess frá leiðbeinanda. Talmeinafræðingar hafa leitt ýmsa hópa sl. ár með fjölbreytt markmið tengt framburði og raddbeitingu, orðminni, tölvunotkun, ritaðri tjáningu, notkun í fjölbreyttum tjáskipta-leiðum, lestrarfærni, og fleira. Þá leiða talmeinafræðingar söngstund á föstudögum, þar sem mikið er lagt upp úr nærandi áhrifum samsöngs.

Kynging og næringarinntekt eru einnig þættir sem geta skipt miklu máli fyrir endurhæfinguna, enda er kyngingarvandi algengur eftir ákominn heilaskaða. Úrræði geta verið bæði æfingar, þ.e. þjálfun og styrking á vöðvum í munni og koki, og uppbótaraðferðir s.s. breytt áferð matar og aðlöguð hnífapör. Þessi úrræði kalla oft á þverfaglega nálgun með samvinnu við iðjubjálfa, sjúkraþjálfara, næringarfræðings og starfsfólki mötuneytis. Síðast liði ár hefur verið lögð áhersla á að áferð matar sé rétt en einnig að lystilegri framsetningu.

Símenntun og fræðsla er mikilvægur þáttur fyrir talmeinafræðinga eins og aðra sem starfa hjá Kjarki. Talmeinafræðingar hafa staðið fyrir ýmiss konar fræðslu til starfsfólks, þjónustuþega og aðstandenda í samvinnu við aðrar stéttir, auk þess að sinna símenntun með lestri fræðigreina og þátttöku í ráðstefnum og fræðsludögum hér innanlands.

Þórunn Hanna talmeinafræðingur gegnir starfi sem sérfræðingur gæðamála hjá Kjarki og umsjón með teymisvinnu endurhæfingarteymisins. Hún hefur í því starfi yfirsýn yfir verklag teymisvinnunnar, situr í inntökuteymi og er einnig úttektaraðili á jafnlaunavottun Kjarks. Á árinu 2024 hefur sá hluti starfsins falið í að útbúa gæðaskjöl tengt starfi endurhæfingateymis, taka þátt í kynningum á starfi Kjarks, yfirfara skráningu í SAGA sjúkraskrárkerfi og stýra innleiðingu á samskipta- og skipulagslausninni Memaxi sem var tekin í notkun sl. vor. Samstarf starfsfólks og teymisvinnu hjá Kjarki er til fyrirmyndar sem sannast á þeirri jákvæðu endurgjöf sem við höfum fengið frá okkar þjónustuþegum og fjölskyldum þeirra.





Ársreikningur  
Kjarkur endurhæfing  
2024



Ársreikningur

**Kjarkur endurhæfing**

2024





# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn .....	2 - 3
Áritun endurskoðenda .....	4 - 5
Rekstrarreikningur ársins 2024 .....	6
Efnahagsreikningur 31. desember 2024 .....	7
Sjóðstreymi ársins 2024 .....	8
Skýringar .....	9 - 13

## **Stjórn félagsins Kjarkur endurhæfing:**

Guðrún Karlsdóttir, formaður  
Björgvin Ingi Ólafsson  
Margrét S. Jónsdóttir  
Ólafía Ósk Runólfssdóttir  
Soffía Eiríksdóttir

## **Framkvæmdastjóri:**

Þórdís Rún Þórisdóttir

## **Kjörinn endurskoðandi:**

Grant Thornton endurskoðun ehf.  
Theodór S. Sigurbergsson  
löggiltur endurskoðandi



# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Kjarkur endurhæfing var sett á stofn 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Starfsemi Kjarks endurhæfingar er skilgreind sem endurhæfing og boðið er upp á endurhæfingu með búsetu og/eða á dagdeild. Búseta er að hámarki til tveggja ára og að þeim tíma loknum geta þjónustupegar haldið áfram sinni endurhæfingu á dagdeild. Aðrir þjónustupegar eru í endurhæfingu á dagdeild. Starfandi eru þverfagleg inntöku- og endurhæfingarteymi. Fjölbreytt flóra sérfræðinga starfa hjá Kjarki endurhæfingu, s.s. félagsráðgjafi, iðjuþjálfar, hjúkrunarfræðingar, talmeinafræðingur og sjúkraþjálfari. Einnig er unnið í nánu samstarfi við aðra sjúkraþjálfara og lækna. Á vegum Kjarks endurhæfingar er einnig rekin hvíldarrými, eldhús og þvottahús.

## Starfsemi á árinu

Framlag ríkisins í fjárlögum 2024 nam 860 millj. kr. og er það 6,97% hækkun frá fyrra ári. Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2024 námu bókfærðar eignir heimilisins 107 millj. kr. en skuldir 81 millj. kr. Eigið fé í efnahagsreikningi var jákvætt um 26 millj.kr. í árslok 2024.

Meðalföldi stöðugilda hjá Kjarki endurhæfingu á árinu umreiknuð í heilsársstörf var 47 og launagreiðslur félagsins námu um 498,7 millj.kr.

## Ráðstöfun rekstrarhagnaðar

Stjórnin vísar til eiginfjárfirlits vegna ráðstöfunar á rekstrarafgangi ársins.

## Fjárhagsleg staða

Rekstur félagsins á árinu 2024 var rekinn með 65,3 millj. kr. hagnaði en þar af er um 40,7 millj. kr. aukaframlag frá Ríkissjóði Íslands sem var greitt í ársbyrjun 2025 og var til að mæta kjarsamningshækkunum á árinu 2024. Vegna ófyrirsjáanleika framlagsins var ekki gert ráð fyrir þessari fjárhæð í rekstraráætlun félagsins á árinu 2024. Á árinu 2024 var klárað að greiða upp lán sem var tekið árið 2017 vegna lífeyrisskuldbindingar fyrrverandi starfsmanna hjá Kjarki endurhæfingu við B-deild eldri réttindakerfis LSR.

### **Samþykki ársreiknings**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við bókhald félagsins, í samræmi við lög um ársreikninga og lög um fjárreiður ríkisins. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Kjarks endurhæfingar er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu, efnahag þess á árinu 2024 og breytingum á handbæru fé á árinu 2024. Allar skuldbindingar Kjarks endurhæfingar koma fram í ársreikningnum. Engir tengdir aðilar hafa áhrif á rekstur heimilisins, ef frá er talin leiga Kjarks endurhæfingar á húsnæði Sjálfsbjargar landsambands hreyfihamlaðra.

Ársreikningur Kjarks endurhæfingar er lagður fram á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Kjarks endurhæfingar.

Reykjavík, 19. mars 2025

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjarks endurhæfingar.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem Kjarkur endurhæfing birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem Kjarkur endurhæfing gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlistri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kjarks endurhæfingar. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa Kjark endurhæfingu upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

---

**Theodór S. Sigurbergsson**

**löggiltur endurskoðandi**

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík

19. mars 2025

# Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrartekjur</b>			
Ríkisframlög .....		860.100.001	804.066.662
Aðrar tekjur .....		24.579.657	24.364.166
		<u>884.679.658</u>	<u>828.430.828</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og tengd gjöld .....	3	( 631.908.874)	( 627.282.459)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 191.034.264)	( 179.927.583)
		<u>( 822.943.138)</u>	<u>( 807.210.042)</u>
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsliði .....</b>		61.736.520	21.220.786
<b>Fjármagnsliðir</b>			
Fjármunatekjur .....	4	5.173.776	3.766.917
Fjármagnsgjöld .....		( 1.563.880)	( 2.878.697)
		<u>3.609.896</u>	<u>888.220</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<u>65.346.416</u>	<u>22.109.006</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

<b>Eignir</b>	<b>Skýr.</b>	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Birgðir .....	5	1.210.000	1.100.000
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	6	42.495.886	3.486.290
Handbært fé .....		63.612.845	40.899.201
<b>Veltufjármunir</b>		<u>107.318.731</u>	<u>45.485.491</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>107.318.731</u>	<u>45.485.491</u>
 <b>Eigið fé og skuldir</b>			
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap) .....		26.171.888	( 39.174.528)
<b>Eigið fé</b>	7	<u>26.171.888</u>	<u>( 39.174.528)</u>
Langtímalán .....		0	14.962.269
Næsta árs afborganir langtímalána .....		0	( 4.724.927)
<b>Langtímaskuldir</b>	8	<u>0</u>	<u>10.237.342</u>
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	9	81.146.843	69.697.750
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	8	0	4.724.927
<b>Skammtímaskuldir</b>		<u>81.146.843</u>	<u>74.422.677</u>
<b>Skuldir alls</b>		<u>81.146.843</u>	<u>84.660.019</u>
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<u>107.318.731</u>	<u>45.485.491</u>

## Sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		65.346.416	22.109.006
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda .....	2	987.708	1.764.751
		<u>66.334.124</u>	<u>23.873.757</u>
 Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, hækkun .....	(	39.009.596)	( 544.258)
Birgðabreyting, (hækkun) lækkun .....	(	110.000)	2.260.000
Skammtímaskuldir, (hækkun) lækkun .....		11.069.789	( 5.249.262)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(	<u>28.049.807)</u>	<u>( 3.533.520)</u>
 <b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>38.284.317</u>	<u>20.340.237</u>
 <b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Greiddar afborganir langtímalána .....	(	15.949.977)	( 16.424.376)
Tengdir aðilar, breyting .....		379.304	2.884.159
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	(	<u>15.570.673)</u>	<u>( 13.540.217)</u>
 <b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		22.713.644	6.800.020
 Handbært fé í ársbyrjun .....		40.899.201	34.099.181
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<u>63.612.845</u>	<u>40.899.201</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Kjarkur endurhæfing er endurhæfingarstofnun sem var stofnuð árið 1973 af Sjálfsbjörg landssambandi hreyfihamlaðra. Kjarkur endurhæfing er staðsett í Hátúni 12 í Reykjavík. Kjarkur endurhæfing rekur framhaldsendurhæfingu fyrir einstaklinga með heila- og taugaskaða sem hafa fengið frumendurhæfingu á sjúkrastofnunum. Boðið er upp á endurhæfingu með búsetu eða á dagdeild. Einnig er rekið mötuneyti og þvottahús.

Kjarkur endurhæfing er ekki skattskyld.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kjarks endurhæfingar fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum Kjarks endurhæfingu.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

### Innlausn tekna

Stærsti tekjuliður félagsins eru framlög frá ríkinu samkvæmt fjárlögum. Framlögin greiðast mánaðarlega í jöfnum fjárhæðum. Aðrar tekjur felast fyrst og frest í sölu á þjónustu og mat í Hátúni 12.

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## Birgðir

Birgðir í efnahagsreikningi eru metnar samkvæmt eftirfarandi meginreglum:

Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádræginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrægnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður í efnahagsreikning og færður til gjalda með reglubundnum hætti á lánstímanum.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun .....	498.668.260	501.889.630
Lífeyrissjóðsgjöld .....	80.164.227	77.662.589
Önnur launatengd gjöld .....	50.100.013	45.096.118
Annar starfsmannakostnaður .....	2.976.374	2.634.122
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>631.908.874</u>	<u>627.282.459</u>
Meðalföldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf .....	<u>47</u>	<u>50</u>

### 4. Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur greinast þannig:	2024	2023
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	5.073.526	3.673.207
Aðrar vaxtatekjur .....	100.250	93.710
	<u>5.173.776</u>	<u>3.766.917</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vextir og verðbætur langtímaskulda .....	1.386.169	2.720.833
Önnur vaxtagjöld .....	177.711	157.864
	<u>1.563.880</u>	<u>2.878.697</u>

## 5. Birgðir

Yfirlit yfir birgðir:	2024	2023
Matvælabirgðir .....	1.210.000	1.100.000
	<u>1.210.000</u>	<u>1.100.000</u>

## 6. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	2024	2023
Viðskiptakröfur .....	65.675	2.263.470
	<u>65.675</u>	<u>2.263.470</u>

### Aðrar skammtímakröfur

Óinnheimt framlag ríkissjóðs .....	40.700.000	0
Aðrar skammtímakröfur .....	1.730.211	1.222.820
	<u>42.430.211</u>	<u>1.222.820</u>

## 7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Óráðstafað eigið fé
Flutt frá fyrra ári .....	( 39.174.528)
Hagnaður ársins .....	65.346.416
Eigið fé 31.12.2024 .....	<u>26.171.888</u>

## 8. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	2024	2023
Verðtryggðar skuldir. Vextir 3,7% .....	0	14.962.269
	<u>0</u>	<u>14.962.269</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Innan árs .....	0	4.724.927
Eftir 1 - 2 ár .....	0	4.724.927
Eftir 2 - 3 ár .....	0	4.724.927
Eftir 3 - 4 ár .....	0	787.488
	<u>0</u>	<u>14.962.269</u>



9. **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

<b>Viðskiptaskuldir</b>	<b>2024</b>	<b>2023</b>
Lánardrottinnar .....	10.023.386	7.172.228
	<u>10.023.386</u>	<u>7.172.228</u>
<b>Aðrar skammtímaskuldir</b>		
Reiknað áunnið orlof .....	38.542.197	37.366.564
Ógr. launatengd gjöld .....	29.261.415	22.218.417
	<u>67.803.612</u>	<u>59.584.981</u>
<b>Skuld við tengda aðila</b>		
Tengdur aðili - Sjálfsbjörg .....	3.319.845	2.940.541
	<u>3.319.845</u>	<u>2.940.541</u>

10. **Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengd félög árið 2024:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Sjálfsbjörg lands. hreyfihamlaðra .....	40.253.088	2.337.627	0	3.319.845
	<u>40.253.088</u>	<u>2.337.627</u>	<u>0</u>	<u>3.319.845</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2023:

	Keypt þjónusta, leiga og vörur	Seld þjónusta, leiga og vörur	Kröfur	Skuldir
Sjálfsbjörg lands. hreyfihamlaðra .....	45.920.175	1.936.637	0	2.940.541
	<u>45.920.175</u>	<u>1.936.637</u>	<u>0</u>	<u>2.940.541</u>

## Fimm ára yfirlit félagsins

Fimm ára yfirlit félagsins á verðlagi hvers árs (í þús.kr.):

	2024	2023	2022	2021	2020
<b>Rekstur</b>					
Ríkisframlag.....	860.100	804.067	756.806	735.100	714.300
Aðrar tekjur.....	24.580	24.364	26.466	27.577	24.445
Rekstrartekjur.....	884.680	828.431	783.272	762.677	738.745
Rekstrargjöld.....	(822.943)	(807.210)	(730.186)	(727.525)	(701.199)
Hagnaður f. fjárm.liði .....	61.737	21.221	53.086	35.152	37.546
Fjármagnsliðir.....	3.610	888	(6.258)	(7.548)	(8.823)
Hagnaður (tap) ársins	65.346	22.109	46.828	27.604	28.723
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir.....	107.319	45.485	40.401	31.530	26.153
Eignir samtals	107.319	45.485	40.401	31.530	26.153
Eigið fé .....	26.172	(39.175)	(61.284)	(108.111)	(135.715)
Langtímaskuldir.....	0	10.237	22.513	54.130	80.776
Skammtímaskuldir.....	81.147	74.423	79.172	85.512	81.091
Eigið fé og skuldir samtals	107.319	45.485	40.401	31.530	26.153

## Sundurliðanir ársins 2024

	2024	2023
<b>11. Ríkisframlög</b>		
Framlög ríkissjóðs .....	860.100.001	804.066.662
<b>Ríkisframlög</b>	<u>860.100.001</u>	<u>804.066.662</u>
<b>12. Aðrar tekjur</b>		
Fæðissala .....	19.561.852	16.008.738
Seld þjónusta .....	5.105.661	4.124.771
Leigutekjur .....	( 87.856)	3.618.633
Styrkir .....	0	200.000
Annað .....	0	412.024
<b>Aðrar tekjur</b>	<u>24.579.657</u>	<u>24.364.166</u>
<b>13. Laun og tengd gjöld</b>		
Laun .....	498.668.260	501.889.630
Orlof starfsmanna .....	1.175.633	( 4.177.935)
Tryggingagjald .....	36.896.126	37.128.943
Lífeyrissjóðsgjöld .....	80.164.227	77.662.589
Sjúkra- og orlofstryggingar .....	11.220.337	11.244.976
Slysatryggingar .....	807.917	900.134
Annar starfsmannakostnaður .....	2.976.374	2.634.122
<b>Laun og tengd gjöld</b>	<u>631.908.874</u>	<u>627.282.459</u>
Stöðugildi að meðaltali .....	47	50
<b>14. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Lyf og hjúkrunarkostnaður .....	3.119.143	3.247.913
Aðkeypt vinna sérfræðinga .....	16.787.085	15.346.506
Þvottur .....	837.279	905.844
Eldhús .....	28.453.415	29.961.679
Félagsstarf .....	6.269.540	5.864.470
Skrifstofa .....	4.921.597	5.618.570
Tölvukerfi .....	18.556.591	8.092.999
Aðkeypt þjónusta .....	4.606.335	11.098.911
Ferðir, fundir og námskeið .....	855.971	752.441
Aksturskostnaður .....	3.249.220	3.282.226
Ýmiss starfsmannakostnaður .....	5.170.086	7.797.919
Rekstrarkostnaður annar .....	5.789.132	4.146.522

	2024	2023
Húsnæðiskostnaður .....	49.532.272	64.037.928
Verkkaup og byggingarvörur .....	32.180.231	9.319.054
Eignakaup .....	10.706.367	10.454.601
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>	<u>191.034.264</u>	<u>179.927.583</u>

Stjórnarformaður  
Guðrún Karlsdóttir



Undirritað af:  
Guðrún Karlsdóttir  
2101653129  
Dags: 19.03.2025  
Tími: 19:27:23  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: c945c710-  
d2de-4f3b-88b2-  
53dd88a7338c

Stjórnarmaður  
Björgvin Ingi Ólafsson



Undirritað af:  
Björgvin Ingi Ólafsson  
0906784509  
Dags: 25.03.2025  
Tími: 13:19:11  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: c945c710-  
d2de-4f3b-88b2-  
53dd88a7338c

Stjórnarmaður  
Margrét Sigríður Jónsdóttir



Undirritað af:  
Margrét Sigríður Jónsdóttir  
0503615789  
Dags: 19.03.2025  
Tími: 21:19:54  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: c945c710-  
d2de-4f3b-88b2-  
53dd88a7338c

Stjórnarmaður  
Ólafía Ósk Runólfsdóttir



Undirritað af:  
Ólafía Ósk Runólfsdóttir  
2808754069  
Dags: 01.04.2025  
Tími: 11:55:44  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: c945c710-  
d2de-4f3b-88b2-  
53dd88a7338c

Stjórnarmaður  
Soffía Eiríksdóttir



Undirritað af:  
Soffía Eiríksdóttir  
2301704609  
Dags: 02.04.2025  
Tími: 08:27:40  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: c945c710-  
d2de-4f3b-88b2-  
53dd88a7338c

Framkvæmdastjóri  
Þórdís Rún Þórisdóttir



Undirritað af:  
Þórdís Rún Þórisdóttir  
0308705149  
Dags: 20.03.2025  
Tími: 08:08:12  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: c945c710-  
d2de-4f3b-88b2-  
53dd88a7338c

Endurskoðandi  
Theodór Siemsen Sigurbergsson



Undirritað af:  
Theodór Siemsen  
Sigurbergsson  
0604593049  
Dags: 21.03.2025  
Tími: 15:52:56  
Ástæða: Samþykkt  
Signet ID: c945c710-  
d2de-4f3b-88b2-  
53dd88a7338c





